

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 45

5. árgangur

29.10.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

98/EES/45/01	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Verwaltungsbeschwerdeinstanz des Fürstentums Liechtenstein (stjórnsýsludómstóll Furstadæmisins Liechtensteins), samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. maí 1998 í dómsmálinu Tradeparts AG (Mál E-3/98)	1
98/EES/45/02	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 14. maí 1998 í máli Blyth Software Ltd. gegn AlphaBit AS (Mál E-4/98)	2
98/EES/45/03	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Hæstarétti Íslands samkvæmt úrskurði hans frá 26. júní 1998 í málinu Fagtún ehf. gegn Byggingarnefnd Borgarholtsskóla o.fl. (Mál E-5/98)	2
98/EES/45/04	Mál höfðað þann 2. september 1998 af norsku ríkisstjórninni gegn Eftirlitsstofnun EFTA (Mál E-6/98)	3
98/EES/45/05	Skipan EFTA-dómstólsins - Tilnefning ritara EFTA-dómstólsins	6

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/45/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1287 - Elenac/Hoechst)	7
98/EES/45/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1337 - Koch/Saba/Hoechst)	8
98/EES/45/08	Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.1246 - LHZ/Carl Zeiss)	8
98/EES/45/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1114 - SAP/Heidelberger)	9
98/EES/45/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1331 - ING/BHF)	10
98/EES/45/11	Beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft og tilkynning sem miðar að undanþágu (Mál nr. IV/37.161 - Financial Times/Goldman Sachs o.fl.)	10
98/EES/45/12	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 Mál nr. IV/30.373/D-1 – P&I Clubs, International Group Agreement	11
98/EES/45/13	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða einstaka ákvörðun um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (Mál nr. IV/36.539 BiB)	12
98/EES/45/14	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um bandalagssamningana IV/36.414: Air France – Continental Airlines og IV/36.315: Air France – Delta Airlines	12
98/EES/45/15	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21. 9. til 2. 10. 1998	13
98/EES/45/16	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	14
3. Dómstóllinn		
98/EES/45/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	16
98/EES/45/18	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	18

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá 98/EES/45/01
Verwaltungsbeschwerdeinstanz des Fürstentums Liechtenstein
(stjórnsýsludómstóll Furstadæmisins Liechtensteins), samkvæmt
ákvörðun þess dómstóls frá 12. maí 1998 í dómsmálinu Tradeparts AG
(Mál E-3/98)**

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólum samkvæmt ákvörðun Verwaltungsbeschwerdeinstanz des Fürstentums Liechtenstein (stjórnsýsludómstóll Furstadæmisins Liechtensteins) frá 12. maí 1998, sem barst skrifstofu dómstólsins 18. maí 1998, um ráðgefandi álit vegna eftirfarandi spurninga í dómsmálinu Tradeparts AG:

1. Samrýmist ákvæði viðskiptalöggjafar í landsrétti Liechtensteins, þar sem krafist er að forstjóri fyrirtækis sem er persóna að lögum í Liechtenstein búi í landinu (Furstadæminu Liechtenstein), EES-rétti, einkum 31. gr. og áfram í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 (EES-samningurinn)?
2. Ef svarið við fyrstu spurningunni er að ákvæði viðskiptalöggjafar í landsrétti Liechtensteins, þar sem krafa er gerð um búsetu forstjóra liechtensteinsks fyrirtækis, samrýmist ekki EES-samningnum, er þá hægt, eigi að síður, í ljósi sérstöðu Liechtensteins – sbr. bókun 15, öryggisráðstafanir sem um getur í 112. gr. EES-samningsins og yfirlýsingu EES-ráðsins um frelsi til að velja stað til búsetu – að réttlæta kröfu um búsetu þannig að ákvæði viðskiptalöggjafar (17. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr.) samrýmist EES-samningnum?
3. Er hægt að réttlæta kröfu um búsetu í viðskiptalöggjöfnni með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis, annaðhvort í staðinn fyrir eða til viðbótar við sérstöðu Liechtensteins, eða á grundvelli undanþáguákvæðisins í 33. gr. EES-samningsins?

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett 98/EES/45/02
samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 14. maí 1998 í máli Blyth
Software Ltd. gegn AlphaBit AS**

(Mál E-4/98)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt ákvörðun Oslo byrett (héraðsdómurinn í Ósló), Noregi, frá 14. maí 1998, sem barst skrifstofu dómstólsins 2. júní 1998, um ráðgefandi álit vegna eftirfarandi spurninga í máli Blyth Software Ltd. gegn AlphaBit AS:

1. Er það ósamrýmanlegt 4. gr. EES-samningsins að innlendar málsmeðferðarreglur heimili norskum dómstól að úrskurða samkvæmt beiðni varnaraðila að fyrirtæki, með starfsstöð (lögheimili) í öðru EES-ríki en Noregi, verði að leggja fram málskostnaðartryggingu þegar það höfðar mál gegn fyrirtæki með starfsstöð (lögheimili) í Noregi, þegar ekki er hægt að krefjast slíkrar tryggingar af lögpersónum með starfsstöð (lögheimili) í Noregi?
2. Ef gengið er út frá því að slík krafa samrýmist ekki EES-samningnum ber eftir sem áður að túlka 4. gr. EES-samningsins á þann veg að krafa um málskostnaðartryggingu geti verið réttmæt (í samræmi við meðalhófsreglu) miðað við tilgang laganna og hlutlæg rök?

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Hæstarétti Íslands 98/EES/45/03
samkvæmt úrskurði hans frá 26. júní 1998 í málinu Fagtún ehf. gegn
Byggingarnefnd Borgarholtsskóla o.fl.**

(Mál E-5/98)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði Hæstaréttar Íslands, sem barst skrifstofu dómstólsins 29. júní 1998, um ráðgefandi álit vegna eftirfarandi spurninga í málinu Fagtún ehf. gegn Byggingarnefnd Borgarholtsskóla o.fl.

1. Stendur 4. gr. EES-samningsins því í vegi að sett verði í verksamning ákvæði um að við það verði miðað að þakeiningar verði smíðaðar á Íslandi?
2. Stendur 11. gr. EES-samningsins í vegi fyrir ákvæði af þessu tagi?

Mál höfðað þann 2. september 1998 af norsku ríkisstjórninni gegn 98/EES/45/04 Eftirlitsstofnun EFTA

(Mál E-6/98)

Þann 2. september 1998 höfðaði norska ríkisstjórnin mál gegn Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum, en í fyrirsvari eru Ingvald Falch, lögmaður, skrifstofu ríkislögmanns (einkamáladeild), og Jan-Bugge Mahrt, aðstoðardeildarstjóri í hinu konunglega utanríkisráðuneyti, pósthólf 8012 Dep., 0030 Ósló, Noregi, sem umboðsmenn málsaðila.

Kröfur sóknaraðila eru að:

- „1. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2. júlí 1998 um kerfi álagningar almannatryggingagjalda í Noregi verði ógilt,
2. Eftirlitsstofnun EFTA beri málskostnað sóknaraðila sem hlýst af málsókn fyrir EFTA-dómstólnum.“

Málsatvik:

- Samkvæmt norskum almannatryggingalögum frá 28. febrúar 1997 (*Folketrygdloven*) eru almannatryggingar skyldutryggingar sem ná til allra sem starfa í Noregi. Launþegum og atvinnurekendum er samkvæmt þeim skylt að greiða framlög til almannatrygginga sem reiknast á grundvelli brúttólauna. Almannatryggingar taka m.a. til eftirlauna, endurhæfinga- og sjúkratryggingabóta, launauppbóta og atvinnuleysisbóta. Framlög til almannatryggingakerfisins eru innheimt með því að leggja skatt á tekjur.
- Árið 1975 var komið á kerfi sem gerir ráð fyrir misháum skatti á atvinnurekendur eftir landsvæðum og var landinu skipt í fimm álagningarsvæði með tilliti til þessa fyrirkomulags:

Svæði 1: Þéttbýlissvæði í Suður-Noregi	14,1 prósent
Svæði 2: Dreifbýlissvæði í Suður-Noregi	10,6 prósent
Svæði 3: Strandsvæði í Mið-Noregi	6,4 prósent
Svæði 4: Norður-Noregur (að undanskildu svæði 5)	5,1 prósent
Svæði 5: Spitsbergen, Finnmörk og Norðurhluti Troms	0 prósent
- Álagningarhlutfallið miðast við sveitarfélagið þar sem starfsmaður býr en ekki við staðsetningu atvinnurekandans. Því kann atvinnurekandi að njóta ávinnings af lægra álagningarhlutfalli þrátt fyrir að fyrirtækið sé á svæði þar sem hærra álagningarhlutfall gildir.
- Kerfinu er beitt með sjálfvirkum hætti á grundvelli hlutlægra viðmiða og er ótímabundið. Að auki gildir það, án greinarmunar, um allar atvinnugreinar, allar stærðir fyrirtækja, einkarekin fyrirtæki og hið opinbera, að stjórnsýslu ríkisins undanskilinni sem greiðir hámarksprósentu án tillits til búsetu starfsmanns. Kerfið gildir einnig um erlenda starfsmenn sem búa í Noregi að því tilskildu að þeir eigi rétt á bótum úr almannatryggingakerfinu. Erlendir atvinnurekendur verða einnig að greiða framlög ef starfsmenn þeirra eiga rétt á bótum úr norska almannatryggingakerfinu.
- Eftirlitsstofnun EFTA fór þess á leit við norsk stjórnvöld með bréfum dagsettum 16. júní og 30. ágúst 1995 að þau létu henni í té tæmandi upplýsingar um núverandi kerfi álagningar almannatryggingagjalda í Noregi, einkum um mishá framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum, til að kanna hvort kerfið fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og ef svo væri hvort unnt væri að samþykka það á grundvelli 3. mgr. 61. gr.
- Norska ríkisstjórnin svaraði með bréfi dagsettu 19. september 1995.
- Frá því vorið árið 1996 fram til vorsins 1997 héldu Eftirlitsstofnun EFTA og norsk yfirvöld nokkra óformlega fundi sem miðuðu að því að varpa ljósi á eðli hins norska kerfis álagningar almannatryggingagjalda.

- Í bréfi frá 14. maí 1997 komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að kerfi mishárra framlaga til almannatrygginga eftir landsvæðum í Noregi fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. sem ekki væri hægt að heimila á grundvelli 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í sama bréfi lagði Eftirlitsstofnun EFTA til nokkrar viðeigandi ráðstafanir til þess að kerfið samrýmdist EES-samningnum í ljósi 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Mælt var til við norsku ríkisstjórnina að hún tilkynnti innan tveggja mánaða hvort hún samþykkti eða hafnaði ráðstöfunum sem lagðar voru til.
- Í bréfi dagsettu 11. júlí 1997 lýsti norska ríkisstjórnin því yfir að hún gæti ekki fallist á afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA m.a. vegna þess að mishá framlög til almannatrygginga væru hluti af hinu almenna skattakerfi og félli því utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr.
- Eftir að svarið barst frá norsku ríkisstjórninni ákvað Eftirlitsstofnun EFTA 19. nóvember 1997 að hefja formlega rannsókn. Norskum stjórnvöldum var tilkynnt um ákvörðunina og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna var einnig tilkynnt um málið.
- Norsk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir sínar með bréfi frá 23. janúar 1998.
- Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna lögðu fram athugasemdir sínar með bréfi frá 5. mars 1998.
- Norsk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir við sjónarmið framkvæmdastjórnar EB með bréfi frá 25. mars 1998.
- Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 2. júlí 1998 ákvörðun nr. 165/98/COL þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu að kerfi mishárra framlaga atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum samrýmdist ekki EES-samningnum.

Málsástæður og lagarök í málinu:

- Sóknaraðili heldur því fram að ólíkt EB-sáttmálanum feli EES-samningurinn ekki í sér nein ákvæði um samræmingu á skattakerfum samningsaðilanna. Þar sem sameiginlegum reglum sé ekki til að dreifa sé hverju ríki heimilt að byggja upp og framfylgja skattakerfi samkvæmt eigin pólitískum markmiðum. Kerfi álagningar almannatryggingagjalda kunni að falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, en geri það ekki sjálfkrafa, og hvernig sem á sé litið falli kerfið sem nú er við lýði í Noregi ekki undir fyrrnefnda málsgrein.
- Eftirlitsstofnun EFTA hefur beitt skilyrðinu „almenn ráðstöfun“ samkvæmt 1. mgr. 61. gr. á rangan hátt gagnvart hinu norska kerfi álagningar almannatryggingagjalda. Dómafordæmi Evrópudómstólsins um ríkisaðstoð hafa staðfastlega sýnt að það sé grundvallaratriði og afgerandi þáttur í hugtakinu aðstoð að einhver njóti merkjanlegs endurgjaldslauss ávinnings eða ívilunar af einu eða öðru tagi. Skattlagning teljist alla jafna ekki veita einstaklingum ávinning, þvert á móti telji flestir hana byrði.
- Ennfremur fela skattakerfi oft í sér aðgreiningu og mismunandi meðhöndlun sem kann að vera breytileg eftir atvinnugreinum, héruðum eða öðrum þáttum. Slíkir þættir sem byggjast á vali, og fyrirfinnast í öllum nútímaríkjum, eru ekki aðeins eðlilegir heldur einnig nauðsynlegur og órjúfanlegur hluti af öllum skattakerfum, sem gera viðkomandi ríki kleift að fylgja þeirri pólitískri stefnu sem það hefur sett sér. Val ríkis á pólitískum aðgerðum fellur ekki undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-sáttmálans.
- 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins bannar ekki valvísa skattlagningu, en setur ákveðin skilyrði til grundvallar tilteknu formi valvísrar skattlagningar. Í dómafordæmum Evrópudómstólsins er að finna skilyrði um rökstuðning sem felur í sér að rannsaka skuli markmið skattlagningarinnar og almenna uppbyggingu hennar áður en komist er að niðurstöðu um hvort unnt sé að réttlæta viðkomandi kerfi hlutlægt.

- 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins bannar ríkisaðstoð sem raskar samkeppni „með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“, sem hægt er að túlka sem ívilnun ákveðinna fyrirtækja eða ákveðinna vara á tilteknum svæðum. Evrópudómstóllinn hefur þó aldrei komist að þeirri niðurstöðu að skattaráðstafanir séu sjálfkrafa bannaðar samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna þess að þær gildi eingöngu um ákveðið landsvæði. Þar af leiðandi hefur Eftirlitsstofnun EFTA rangt fyrir sér þegar hún heldur því fram að valviðmiðið sé uppfyllt.
- Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur einnig túlkað reglurnar um ríkisaðstoð á þann hátt að ráðstöfun falli ekki sjálfkrafa undir gildissvið reglnanna um ríkisaðstoð einfaldlega vegna þess að hún ívilnar ákveðnum fyrirtækjum eða atvinnugreinum meira en öðrum. Meta verður hvert tilvik fyrir sig samkvæmt eðli og almennri uppbyggingu kerfisins.
- Sú staðreynd að norska kerfið hefur í för með sér mismunandi afleiðingar fyrir mismunandi fyrirtæki þýðir því ekki sjálfkrafa að það brjóti í bága við reglurnar um ríkisaðstoð. Eitt af helstu markmiðum hins norska kerfis álagningar almannatryggingagjalda er að jafna lífskjör án tillits til búsetu, þar með talið að stuðla að atvinnu og búsetu á afskekktum svæðum. Lægri álagning almannatryggingagjalda á atvinnurekendur miðar að þessu markmiði. Markmið sem miða að því að viðhalda búsetumynstri, tekjujöfnun og jafnri atvinnu alls staðar í landinu, verður að skoðast sem lögmætt og réttlætlanlegt markmið, þrátt fyrir að kerfið hafi mismunandi afleiðingar fyrir fyrirtæki.
- Mikilvægt er að hafa í huga að aðilar að EES-samningnum hafa áskilið sér rétt til að leggja á skatta og setja sér stefnu í atvinnumálum. Á því leikur enginn vafi að kerfið er viðeigandi tæki til að ná þessum pólitísku markmiðum. Að auki er ekki til að dreifa öðrum valkostum sem hefðu minni samkeppnisheftandi áhrif og sem unnt væri að beita með sambærilegum árangri.
- Hvað varðar skilyrðið um að aðstoð sé bönnuð „að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila“ hefur Eftirlitsstofnun EFTA mistúlkað það á þann hátt að því sé fullnægt. Í mörgum tilvikum verða viðskipti milli samningsaðila ekki fyrir áhrifum og þrátt fyrir að svo kunni að vera í öðrum tilvikum eru áhrif á viðskipti innan EES það takmörkuð að þau fara ekki yfir lágmarksþröskuld. Enn fremur ógildir það ekki allt kerfið sjálfkrafa þótt sum fyrirtæki kunni að njóta ávinnings umfram þennan lágmarksþröskuld, en önnur ekki.
- Hvað varðar skilyrðið „raska samkeppni“ hefur Eftirlitsstofnun EFTA ranglega gengið út frá því að öll fyrirtæki sem hagnast á minni skattbyrði í tilteknum héruðum í Noregi eigi í raun í samkeppni. Stór hluti opinbera geirans og fyrirtæki með lögvernduð einkaleyfi eru dæmi um það.
- Eftirlitsstofnun EFTA hefur farið út fyrir valdsvið sitt þar sem hún á grundvelli 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól hefur lýst því yfir að norsku ríkisstjórninni hafi verið skylt að tilkynna aðstoð sem í raun fellur utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Afleiðingar þessarar ákvörðunar skipta töluverðu máli, m.a. vegna þess að hún skyldar Noreg til að tilkynna svæðisbundna aðstoð, þar með talda flutningsaðstoð sem ótvírætt samrýmist EES-samningnum.
- Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki heldur rökstutt ákvörðun sína á fullnægjandi hátt, eins og krafist er í 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Hún hefur ekki útskýrt hversvegna kerfið í eðli sínu sé ekki nægilega almennt og ekki gert grein fyrir hvers vegna aðstoð til fyrirtækja sem hlíft er við alþjóðlegri samkeppni samrýmist ekki EES-samningnum. Þetta þýðir að um verulegan formgalla er að ræða í skilningi 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

Skipan EFTA-dómstólsins**98/EES/45/05**

1. Tilnefning ritara EFTA-dómstólsins

Gunnar Selvik var tilnefndur ritari EFTA-dómstólsins, samkvæmt 9. gr. bókunar 5 í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, fyrir tímabilið frá 1. september 1998 til 31. ágúst 2001 og tekur hann við af Per Christiansen. Hinn 17 september 1998 sór Gunnar Selvik eið fyrir EFTA-dómstólnum, sbr. 10. gr. bókunar 5 í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1287 - Elenac/Hoechst)

98/EES/45/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Elenac SA og Elenac GmbH (Elenac), sem stjórnað er af Royal Dutch/Shell og BASF AG í sameiningu, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir starfsemi fyrirtækisins Hoechst AG (Hoechst) á sviði polýetýlens í Evrópu og leyfisveitinga á polýetýlentækni í öllum heiminum, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Elenac: polýetýlen, leyfisveiting á polýetýlentækni,
 - polýetýlenstarfsemi Hoechst: polýetýlen og leyfisveiting á polýetýlentækni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 331, 29. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1287 - Elenac/Hoechst, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1337 - Koch/Saba/Hoechst)****98/EES/45/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Koch Industries, Inc. og Imasab B.V., sem stjórnad er af Isaac Saba Raffoul, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir tilteknum hlutum starfsemi fyrirtækisins Hoechst á sviði polyetylens, með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki Arteva B.V., sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Koch: hreinsaðar afurðir, kemísk efni,
 - Saba: textílefni, fasteignir, matvæli, ferðamálaíðnaður,
 - Hoechst: kemísk efni, lyf, líftækni, erfðatækni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 331, 29. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1337 - Koch/Saba/Hoechst, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.1246 - LHZ/Carl Zeiss)****98/EES/45/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. 10. 1998 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leikur á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 303, 2. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.1246 - LHZ/Carl Zeiss, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1114 - SAP/Heidelberger)**

98/EES/45/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin SAP Aktiengesellschaft Systeme, Anwendungen, Produkte in der Datenverarbeitung (SAP) og Heidelberger Druckmaschinen AG (Heidelberger), sem heyrir undir RWE-samstæðuna öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SAP: staðlaður viðfangshugbúnaður til notkunar í atvinnurekstri, ásamt tengdri ráðgjafar- og þjálfunarþjónustu,
 - Heidelberger: prentvélar, forprentvélar og frágangsprentvélar,
 - fyrirtækið um sameiginlega verkefnið: hugbúnaðarlausnir fyrir fjölmiðlageirann.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 329, 27. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1114 - SAP/Heidelberger Druckmaschinen, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1331 - ING/BHF)**

98/EES/45/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið ING Groep N.V. (ING), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir BHF-Bank AG (BHF), með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ING: banka- og tryggingastarfsemi,
 - BHF: bankaþjónusta við fyrirtæki og önnur fjármálaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 325, 23. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1331 - ING/BHF, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft og tilkynning sem
miðar að undanþágu (Mál nr. IV/37.161 - Financial
Times/Goldman Sachs o.fl.)**

98/EES/45/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. júlí 1998 beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft og tilkynning um samninga, samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽²⁾, frá fyrirtækjunum Goldman Sachs & Co., The Financial Times Limited, The McGraw Hill Companies, Inc. (gegnum deildina Standard & Poor's) og FTSE International Limited. Samningarnir, sem dagsettir eru hinn 19. maí 1995, varða samantekt og hagnýtingu í atvinnuskyni á röð verðbréfamarkaðarvísitalna, áður þekktar sem FT-Actuaries World Indices, en nú sem Financial Times/Standard & Poor's Actuaries World Indices.
2. Beiðnin/tilkynningin tekur m.a. til a) samnings um samantekt og hagnýtingu í atvinnuskyni á vísitölum, b) samnings um réttindi og skyldur Goldman Sachs & Co., The Financial Times Limited og Standard & Poor's annars vegar og tryggingafræðinga hins vegar, m.a. þegar um er að ræða hugverkarétt á vísitölunum, c) samnings um réttindi The Financial Times Limited og Standard & Poor's með tilliti til sameiginlegrar eignar, notkunar og leyfisveitingar á vörumerkjum sem tengjast vísitölunum og d) samninga um slit á samningum er varða fyrrverandi vísitölur FT-Actuaries World Indices og afleiðingar þess.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi samninginn á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 329, 27. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 98 07) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/37.161, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate D
Office 5/52
150, avenue de Cortenberg
B-1040 Brussels

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 98/EES/45/12
nr. 17/62⁽¹⁾ Mál nr. IV/30.373/D-1 – P&I Clubs,
International Group Agreement**

Hinn 24. september 1998 greindu International Group of P&I Clubs (IG) (alþjóðleg samtök gagnkvæmra váttryggingafélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og tryggja skipaútgerðir) framkvæmdastjórninni formlega frá því að þau ætluðu að tilkynna nokkrar breytingar á samningnum International Group Agreement (IGA), með gildistöku frá 20. febrúar 1999. Í tilkynningunni verður farið fram á að mótmælum verði ekki hreyft og til vara um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (sjá nánari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C 322 frá 21. 10. 1998).

